

„Samningur var gerður á milli Reykjanesbæjar og félags- og vinnumarkaðsráðuneytis um samræmda móttöku flóttafólks í október 2022, en þar kemur fram að fækka átti flóttafólki úr 300 í 150 á árinu 2023.

Í júní síðastliðnum var undirrituð aðgerðaáætlun milli félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, Vinnumálastofnunar og Reykjanesbæjar m.a. með það að markmiði að draga úr fjölda umsækjenda um alþjóðlega vernd sem dvelja í Reykjanesbæ á vegum Vinnumálastofnunar.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur áður lýst yfir áhyggjum sínum að markmið áætlunarinnar næðust ekki og óskar því svara við eftirfarandi:

1. Hversu margir voru í Reykjanesbæ í samræmdri móttöku flóttafólks 31. desember 2023?
2. Hefur fjöldi umsækjenda um alþjóðlega vernd sem dvelja í Reykjanesbæ fækkað frá því í júní 2023 og þá hversu mikið?“

Svar:

1. 31. desember 2023 voru 264 einstaklingar í þjónustu í samræmdri móttöku flóttafólks.
2. Í júní 2023 voru 1.215 umsækjendur um alþjóðlega vernd. Í desember 2023 voru 1.119 manns sem dvelja hér í Reykjanesbæ. Fækkun um 96 einstaklinga.

Fækkun er því um 96 manns á þessu tímabili. Skv. bestu mögulegu sviðsmynd við gerð aðgerðaáætlunarinnar átti Reykjanesbær að fara að sjá fækkun í maí/júní 2024 en skv. raunhæfustu sviðsmyndinni sem dregin var upp þá var ekki talið líklegt að það myndi nást fyrr en í október/nóvember 2024. Skv. aðgerðaáætluninni stefnir Vinnumálastofnun á að fjöldinn verði um 900 umsækjendur um alþjóðlega vernd í úrræðum Vinnumálastofnunar í Reykjanesbæ á þeim tíma“.

Bæjarfulltrúar meirihluta bæjarstjórnar Reykjanesbæjar

Bjarni Páll Tryggvason, Díana Hilmarsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Sigurrós Antonsdóttir, Sverrir Bergmann Magnússon, Valgerður Björk Pálsdóttir